



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Leikskólinn Miðborg**

**2021 – 2022**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                         |    |
|---------------------------------------------------------|----|
| Leiðarljós leikskólans .....                            | 4  |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                     | 4  |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....   | 5  |
| 2.1 Innra mat .....                                     | 5  |
| 2.2 Ytra mat .....                                      | 6  |
| 2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....             | 7  |
| 3 Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg..... | 9  |
| 3.1 Krílakot .....                                      | 9  |
| 3.1.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 9  |
| 3.1.2 Umbótaáætlun 2021-2022 .....                      | 10 |
| 3.2 Regnbogaland.....                                   | 11 |
| 3.2.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 11 |
| 3.2.2 Umbótaáætlun 2021-2022 .....                      | 12 |
| 3.3 Hæð .....                                           | 13 |
| 3.3.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 13 |
| 3.3.2 Umbótaáætlun fyrir 2021-2022 .....                | 14 |
| 3.4 Skeljadeild.....                                    | 15 |
| 3.4.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 15 |
| 3.4.2 Umbótaáætlun2021-2022 .....                       | 15 |
| 3.5 Krossfiskadeild.....                                | 17 |
| 3.5.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 17 |
| 3.5.2 Umbótaáætlun 2021-2022 .....                      | 17 |
| 3.6 Kuðungadeild.....                                   | 19 |
| 3.6.1 Endurmat 2020-2021.....                           | 19 |
| 3.6.2 Umbótaáætlun 2021-2022 .....                      | 19 |
| 4 Innra mat sérkennslu.....                             | 21 |



|        |                                                           |           |
|--------|-----------------------------------------------------------|-----------|
| 4.1    | Umbótaáætlun –sérkennsla 2021-2022 .....                  | 22        |
| 5      | Innra mat – fjöltyngd börn .....                          | 23        |
| 5.1    | Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022 .....                   | 24        |
| 6      | Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....                       | 24        |
| 7      | Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 25        |
| 8      | Foreldrasamvinna.....                                     | 25        |
| 9      | Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                  | 26        |
| 9.1.1  | Leikskóladagatal .....                                    | 28        |
|        | Skóladagatal 2021 – 2022 Leikskólinn Miðborg .....        | 28        |
| 10     | Fylgigögn.....                                            | 29        |
| 10.1   | <b>Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs .....</b>           | <b>29</b> |
| 10.1.1 | Fylgiskjal 1.....                                         | 30        |



# Leiðarljós leikskólans

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Í júlí 2020 efndi Reykjavíkurborg til hönnunarsamkeppni um nýja leikskólabyggingu fyrir leikskólann Miðborg og í desember var tilgreint hvaða hönnun hafi orðið fyrir valinu. Mikil spenna er í Miðborg fyrir nýju byggingunni og strax farið að leggja línurnar fyrir innra starfi skólans í glæsilegri byggingu með fallegu umhverfi. Enn er ráðgert að skólahúsið verði tilbúið árið 2022.

Vel gekk að manna þær stöður sem lausar voru síðasta haust en breytingar á starfsmannahópnum voru ekki miklar. Gleðilegt að segja frá því að tveir starfsmenn útskrifast núna í vor með M.ed. í leikskólakennarafræðum og einn með B.ed í leikskólakennarafræðum. Á komandi ári verða tveir í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum og einn í öðru framhaldsnámi. Það er okkur mikilvægt að geta veitt þau tækifæri að starfsmenn geti stundað nám með vinnu og hefur Miðborg sannarlega grætt á því.

Heimsfaraldurinn setti sannarlega svip sinn á starfsemi skólans í vetur. Þær breytingar urðu að hætt var við námsferð erlendis sem stóð til núna í maí 2021 auk þess sem ýmis fræðsla og námskeið sem búið var að gera ráð fyrir þurfti að fella niður vegna samkomutakmarkanna. Það er áskorun fyrir 3ja húsa leikskóla að takast á við hólfun vegna sóttvarna og skapaðist ákveðið flækjustig. Hins vegar tók starfsfólk skólans á við þau verkefni af útsjónarsemi og æðruleysi. Aðlögun og foreldrasamstarf var með allt öðrum hætti en vanalegt er í Miðborg en foreldrar sýndu mikinn skilning og samvinnu.

Skólinn vann með sínar áætlanir eins og kostur var á. Innleiðing á Flæði hefur verið í brennidepli á deildum í vetur og gafst ágætis kostur á því þar sem aðstæður voru að vissu leyti öðruvísi í húsunum vegna faraldursins.

Strax á haustmánuðum hófst undirbúningur fyrir að skipuleggja styttingu vinnuviku sem kom til framkvæmdar í janúar 2021. Í upphafi reyndist verkefnið flókið vegna COVID-19 og þeirrar staðreyndar að skólinn er í 3 húsum en það lögðust allir á eitt að láta verkefnið ganga upp. Í dag er almenn ánægja með styttingu vinnuvikunnar og gengur vel hjá öllum deildum skólans.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### 2.1 Innra mat

| Hvað var metið?                                                                                                                          | Hvernig fór matið fram?                                                                                                                                                             | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Hádegið í Njálshöfði.</b><br><br>Verið er að þróa flæði í hádeginu og var ákveðið að fá sýn barnanna á sjálfshjálpi þeirra í hádeginu | Myndræn framsetning þar sem voru tvær myndir, önnur af barni að skammta sér sjálf og önnur af barni sem fær aðstoð frá starfsmanni. Börnin bentu á þá mynd sem hugnaðist þeim best. | 29 börn tóku þátt í matinu                                       | Eitt barn kaus að svara ekki en meðal þeirra 28 barna sem svöruðu með bendingu var niðurstaða afgerandi. Tvö börn gáfu til kynna að þau vildu aðstoð við að skammta sér mat í hádegi en 26 vildu skammta sér sjálf. Í framhaldi var niðurstaðan kynnt börnum og starfsfólki og urðu þá breytingar á í hádeginu að börnin skammta sér sjálf og þau börn fá aðstoð sem þess óska. |
| <b>Tækifæri og áskoranir flæðis í daglegu starfi og hlutverk starfsfólks í flæði.</b>                                                    | Spurningalisti fyrir hverja deild á skipulagsdegi.                                                                                                                                  | Starfsfólk allra deilda                                          | Flæðishugsun er orðin meðvituð á flestum deildum skólans. Deildir farnar að brjóta upp dagskipulag og margar deildir farnar að fíkra sig áfram með flæði í matmálstímum.<br><br>Áskoranir eru að starfsfólk sé duglegt að dreifa sér um leikrými og að veita það frelsi sem í flæðinu felst. Hætta að láta klukkuna stýra deginum.                                              |



## 2.2 Ytra mat

| Hvað var metið?                   | Hvernig fór matið fram?                          | Hverjir tóku þátt í matinu?<br>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)                                                                                                                                                                                                                                        |
|-----------------------------------|--------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Viðhorfskönnun foreldra</b>    | Rafræn spurningakönnun á vegum Reykjavíkurborgar | Foreldrar                                                           | Það er ánægjulegt að sjá að 80% foreldra í Miðborg tóku þátt í könnuninni. Könnunin er að koma svipað út eins og undanfarin ár og eru vel yfir meðallagi þegar áheildina er litið. Það sem við viljum taka út úr könnuninni og bæta okkur í er upplýsingar og stefnu og gildi leikskólans. |
| <b>Viðhorfskönnun starfsmanna</b> | Rafræn spurningakönnun á vegum Reykjavíkurborgar | Starfsfólk                                                          | Það sem við viljum bæta er starfsandi, samvinna og móttaka nýliða. Þessir þættir eru ekki að koma okkur á óvart í könnuninni og þegar komnir inn í umbótaráætlun og innra mat fyrir komandi starfsár.                                                                                      |



## 2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR                                                | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                                                | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                      | Ábyrgð               | Hefst | Lokið | Hvernig og<br>hvenær<br>metið/aðferðir<br>?                                                                                                         | Viðmið um árangur                                                                                                                                                                     |
|--------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------|-------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Stjórnun                                                                       |                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                             |                      |       |       |                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                       |
| Deildar-<br>stjórafundurir                                                     | Auka tengsl<br>deildarstjóra<br>og<br>yfirstjórnar.                                                                                                   | Deildarstjóra-<br>fundi í húsum<br>aðra hvora<br>viku og<br>sameiginlegir<br>deildarstjóraf<br>undir á móti.                                                                                                | Leikskóla-<br>stjóri | 09.21 | 05.22 | Fundagerðir<br>yfirfarnar og<br>haldið<br>utanum<br>skipulag í<br>dagatali.<br>Spurningalisti<br>sendur á<br>deildarstjóra<br>á haust/og<br>vorönn. | Sameiginleg sýn<br>stjórnendateymis<br>skólans á<br>leikskólastarfið og<br>skipulag skólans                                                                                           |
|                                                                                |                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                             |                      |       |       |                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                       |
| Uppeldis- og<br>menntastarf                                                    |                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                             |                      |       |       |                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                       |
| Samræming<br>vinnubragða<br>og áherslna.<br>Fjölmennig<br>arleg<br>vinnubrögð. | Finna<br>sameiginlega<br>n flöt á öllum<br>deildum<br>hvað varðar<br>vinnubrögð,<br>uppeldis og<br>menntastarf<br>og skóla sem<br>lærdómssam<br>félag | Faghópur<br>deildarstjóra<br>verður<br>stofnaður þar<br>sem unnið<br>verður að<br>námskrá og<br>gert ráð fyrir<br>að kalla inn á<br>fundi annað<br>fagfólk.<br>Kvöldfundir<br>fyrsta<br>mánudag<br>ímánuði. | Leikskóla-<br>stjóri | 09.21 | 05.22 | Rýnihópur<br>starfsmanna<br>og foreldra.<br>Samtöl við<br>börn um<br>hvað þau vilja<br>læra í<br>skólanum.                                          | Drög að námskrá<br>verði tilbúin á<br>vorönn.                                                                                                                                         |
| Mannauður/<br>Leikskóla-<br>bragur                                             |                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                             |                      |       |       |                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                       |
|                                                                                |                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                             |                      |       |       |                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                       |
| Tengja húsin<br>saman                                                          | Markmiðið<br>er að<br>starfsfólk sé<br>meðvitað um<br>að Miðborg<br>er leikskóli í<br>þremur<br>húsum.                                                | Virkja<br>deildarstjóra í<br>því samtali<br>við<br>starfsmenn<br>og hvetja til<br>að fara á milli<br>deilda í<br>heimsóknir.<br>Virkja<br>þekkingu á                                                        | Leikskóla-<br>stjóri | 08.21 | 06.22 | Viðhorfsskönn<br>un meðal<br>starfsmanna                                                                                                            | Samheldni í<br>starfsmannahópnu<br>m og aukin<br>starfsánægja.<br>Með þessu er<br>hafinn<br>undirbúningur<br>fyrir flutning í nýja<br>leikskólahúsið sem<br>ráðgert að verði<br>2022. |

|                          |                                                                                 |                                                                                                                                                                   |                 |       |       |                                                               |                                                                                                |
|--------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-------|-------|---------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                          |                                                                                 | mannauð skólans á milli deilda. Sameiginleg skemmti-nefnd                                                                                                         |                 |       |       |                                                               |                                                                                                |
| Innra mat                |                                                                                 |                                                                                                                                                                   |                 |       |       |                                                               |                                                                                                |
| Flæði í leikskóla-starfi | Áframhaldandi þróun á Flæði í Miðborg                                           | Fræðsla um Flæði í leikskólastarfi                                                                                                                                | Leikskólastjóri | 10.21 | 06.22 | Námskeiðsdagur á haustönn. Spurningalistar og viðtöl á vorönn | Að Flæði sé rauður þráður í leikskólastarfinu.                                                 |
| Læsi                     | Halda áfram að innleiða „Lubbi finnur málbein“ eins og áætlað var á síðasta ári | Námskeið um kennsluaðferð með „Lubbi finnur málbein“ Starfsmaður verður í hlutastarfi við að halda utanum og styðja við innleiðingu á verkefninu á allar deildir. | Verkefnastjóri  | 09.21 | 12.21 | Skýrsla verkefna - stjóra                                     | Að „Lubbi finnur málbein“ verði hluti af kennsluaðferðum tengdar læsi á öllum deildum skólans. |



### 3 Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg

Sjö deildir eru starfræktar í Miðborg. Lögð hefur verið áhersla á að deildirnar vinni eftir þeim umbótarþáttum sem lagt var upp með síðasta haust. Hafa ber í huga að heimsfaraldur hefur haft gríðarleg áhrif á allt starf leikskólans síðasta vetur.

#### 3.1 Krílakot

Krílakot er á starfstöðinni Barónsborg og eru börnin á aldrinum 1-2 ára. Á Krílakoti vinnum við með flæði í leik fyrir hádegi, þar fá börnin að velja sjálf hvað þau vilja takast á við hverju sinni. Í flæði er boðið uppá einingakubba, listasmiðju og hreyfingu. Börnin fara einnig í Könnunarleik í hópstarfi 1x í viku. Í könnunarleiknum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Samverustundir eru 2x á dag, fyrir hádegismat og eftir kaffitíma. Þar er mesta áherslan lögð á að syngja og lestur bóka. Útivera er á hverjum degi, ef veður leyfir, þar sem börnin geta notið sín í frjálsum leik. Einnig er unnið með mánaðarlegt þema.

##### 3.1.1 Endurmat 2020-2021

###### **Umbótarþáttur: Matartíminn**

Markmiðið var að börnin myndu ganga frá eftir sig eftir hádegismatinn til að efla sjálfshjálp og sjálfsöryggi. Við breyttum aðeins og tókum kaffitímann í stað hádegisverðar vegna aðstæðna á deild þ.e. vegna margfalds bráðaofnæmis og ofnæmis hjá barni. Börnin voru mjög fljót að tileinka sér frágang eftir kaffitímann og aðlagast breyttum aðstæðum. Einnig sást hversu stolt þau voru yfir að fá að gera hlutina sjálf. Þannig að markmiðinu var náð þó við hefðum svissað fráganginum frá hádegismat yfir í kaffitíma.

*Tækifæri til úrbóta:* Þar sem mikill fjöldi barna á Krílakoti færa sig um deild í haust og nýr hópur mun byrja viljum við halda áfram með þennan þátt þar sem kaffitíminn hefur gegnið vel en einnig færa okkur yfir í að börnin gangi sjálf eftir sig í öllum matmálstímum; morgunmat, hádegismat og nónhressingu.

###### **Umbótarþáttur: Útivera-umhverfislæsi:**

Mikil áhersla var lögð á útiveru síðasta ár og ekki síst vegna Covid. Á deildinni hefur mikil áhersla verið lögð á orðaforða og ný hugtök tengdum umhverfi, dýrum, plöntum, klæðnaði og veðurfari. Það endurspeglast sérstaklega í söngvum og spjalli tengt því t.d. í samverustundum og fataklefa. Verkefni tengd umhverfislæsi ganga vel s.s göngutúrar og nú nýjasta verkefnið að gróðursetja. Í heildina litið gengu markmiðin okkar vel og börnin hafa t.d notið sín í að mála snjó, snerta mold, búa til listaverk úr bláberjum o.s.frv.



*Tækifæri til úrbóta:* Þar sem mikill fjöldi barna á Krílakoti færa sig um deild í haust og nýr hópur mun byrja viljum við halda áfram að þróa vinnu með útiveru og umhverfislæsi. Að kennarar verði öruggir í þessari vinnu og bæta ofaná þau verkefni sem reynsla er komin á. Tengja útiveru og umhverfislæsi við þemu skólans s.s. haust, vetur, vor og haust.

### 3.1.2 Umbótaáætlun 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR         | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                        | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                                                  | Ábyrgð        | Hefst | Lokið | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                      | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                                                                               |
|-------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------|-------|---------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Sjálfs hjálp í<br/>matartíma</b> | Auðvelda börnum að bjarga sér sjálf við að matast og frágang eftir matartíma. Efla sjálfstæði og sjálfsöryggi | Breyta aðstöðu til að auðvelda frágang í hádegismat. Kennarar séu hvetjandi og styðjandi                                                                                                                                                                                | Deildastjóri  | 06.21 | 05.22 | Símat á deildarfundum, skráð í fundarbók hvernig gengur og yfirfarið reglulega. | Að auka sjálfs hjálp barna þannig þau verði sjálfstæðari í að ganga frá eftir sig og bjarga sér við matarborðið. Árangur ætti að vera sýnilegur þ.e. geta börnin eða ekki og verða þau örugg með sig í matartímum. |
| <b>Útivera og<br/>umhverfislæsi</b> | Að börn njóti útiveru og verði læs á umhverfi sitt. Efla fegurðarskyn.                                        | Kenna hugtök s.s. um veður, plöntur og dýr. Fara í göngutúra með eldri börnin og bæta þar inn ratvísi og umferðarreglum. Leggja inn hugtök varðandi fatnað í fataklefa m.t.t. veðurs. Lesa bækur og syngja. Kennarar séu virkir í útiveru. Tengja útiveru við árstíðir. | Deildarstjóri | 06.21 | 05.22 | Símat á deildarfundum og skráningar í bláu bókina (ferlibækur barnanna)         | Að börnin læri orðaforða varðandi umhverfi og verði læs á það. Börnin sýni öryggi í útiveru. Börnin noti hugtök í leik, sköpun og samtali og sýni frumkvæði og forvitni um efnið.                                  |



## 3.2 Regnbogaland

Regnbogaland er á starfsstöðinni Barónsborg og eru börn á aldrinum 2ja-3ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu *Töfrandi tungumál*. Byggt er á á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin eru einstaklings – og hópverkefni sem styðja börnin í því að vinna saman. Megin áherslan okkar á Regnbogalandi hefur verið læsi.

### 3.2.1 Endurmat 2020-2021

#### **Umbótaþáttur: Lýðræði**

Stuðlað er að lýðræði þegar kemur að aðgengi barna að efnivið og ákvarðanatöku þeirra. Við höfum við verið að vinna mikið með flæði og endurmeta deildina. Í flæðinu fá börnin tækifæri til að þjálfa ákvörðunarhæfni sína og velja sér viðfangsefni eftir áhuga og getu.

*Tækifæri til umbóta:* Halda áfram að endurmeta deildina með tilliti til þess að börn hafi betri og meiri aðgang að efnivið sem eykur sjálfstæði þeirra og áhugahvatar. Vera vakandi fyrir hugmyndum barnanna og hjálpa þeim að takast á við ágreining sín á milli.

#### **Umbótaþáttur: Endurvinnsla**

Þegar kemur að endurvinnslu þá hefur sú vinna gengið vel, þau eru orðin mun meðvitaðri um flokkunartunnurnar og ruslið í garðinum. Börnunum okkar er annt um að garðurinn okkar sé hreinn.

*Tækifæri til umbóta:* Halda umræðunni lifandi og gera börn meðvituð um rusl í garðinum og flokkunartunnurnar.

#### **Umbótaþáttur: Læsi**

Málörvun og læsi er sá sem þáttur sem við höfum unnið mest með og hefur sú vinna borðið mikinn árangur. Við reyndum að flétta vinnu með læsi inn í daglegt starf deildarinnar og var til dæmis nefnd Halló-stund á morgnana góður vettvangur til þess. Halló-stundin var notaleg stund, þar sem fólk var boðið velkomið. Hún var einskonar gluggi, sem opnaðist út í daginn. Með bókinni „Lubbi finnur málbein“, er unnið með málhljóðin og var sú bók afar gott hjálpartæki. Tilgangurinn með notkun bókarinnar var að auka málörvun meðal barnanna og einnig að kynna íslensku málhljóðin fyrir þeim og að efla hljóðkerfisvitund þeirra. Þá bjuggu börnin til stafi úr ýmsu leikefni og þegar þau voru að mála eða teikna sköpuðu þau stundum stafinn sinn. Bækur er eitt af því, sem börnin á Regnbogalandi fengu að kynna. Við lásum mjög mikið af bókum og börnin voru sífellt hvött til þess að taka bækur úr hillum, skoða og handfjatla. Þá ræddum við umgengni um bækur og fleira.

*Tækifæri til umbóta:* Áframhaldandi vinna með Lubba þar sem gert er ráð fyrir að skólinn fái námskeið um vinnu með „Lubbi finnur málbein“ og verður auðveldara að gera þá vinnu með börnunum eftir þá fræðslu. Halda einnig áfram að þróa Halló-stundirnar.

### 3.2.2 Umbótaáætlun 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>R/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                  | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                           | Ábyrgð                                                   | Hefst  | Lokið   | Hvernig<br>metið/aðferði<br>r?                                                                                    | Viðmið um<br>árangur                                                      |
|----------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|--------|---------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|
| <b>Læsi</b>                      | Viljum halda áfram á sömu línu þar sem við höfum séð mikinn árangur.                    | Áfram-haldandi vinna með Lubbi finnur málbein- í Halló stund                                                     | Eiður er með ábyrgð en allir starfsmenn eru þátttakendur | 1.9.21 | 15.5.22 | Lubbi finnur málbeinið                                                                                            | Stuðla að aukinni hljóðkerfisvitund og gera meðvitaðri um málhljóðin      |
| <b>Lýðræði</b>                   | Halda áfram að vinna með flæði sem stuðlar að lýðræði barnanna                          | Minnka hindranir enn frekar og hlusta eftir þeirra hugmyndum ásamt því að vinna saman að því að leysa ágreininga | Allir starfsmenn                                         | 1.9.21 | 15.5.22 | Að gæta að þau hafi val, aðgang og stuðning                                                                       | Að þau geti leyst úr ágreiningi, deilt með öðrum og skapandi í eigin lífi |
| <b>Endurvinnsla</b>              | Halda áfram samtali um umhverfisvernd og mikilvægi endurvinnslu. Ræða um Gretu Thunberg | Týna saman rusl í garðinum, þau þekki tunnurnar                                                                  | Allir starfsmenn                                         | 1.9.21 | 15.5.22 | Halló stund er góður vettvangur fyrir þetta samtal ásamt virðing við garðinn okkar og ræða matarsóun í matartíma. | Áhuga og þekkingu tunnurnar                                               |

### 3.3 Hæð

Síðustu ár hafa verið tvær deildir í Njálshöfðum, Hæð og Klöpp, nú í vetur mun verða ein deild og mun hún vera kölluð Hæð. Á Hæð eru elstu börnin í Miðborg og börn fædd 2017 og þar dvelja 35 börn.

Unnið er að því að sjálfsefningu í gegnum leik og verkefni. Unnið er út frá áhugasviði barnanna og eru þeim leikskólans notuð sem kveikjur fyrir verkefni með börnunum og til að vinna í samfélagsfræði. Í vetur verður lögð sérstök áhersla á ferlið í skapandi starfi með von um að lærdómurinn af því muni koma fram í leik barnanna. Dagskipulagið miðast við að efla börnin, sjálfstæði þeirra, frumkvæði, félagsfærni og sjálfsaga.

Í starfinu er notast við opinn efnivið eins og kubba, leir, pappa, vatn, málningu, liti o.fl. opinn efniviður býður ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum.

Markmið okkar á Hæð er að þegar börn útskrifast frá okkur hafi þau sterka sjálfsmynd, séu félagslega sterk ásamt því að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Starfsfólkið okkar hefur þróað þekkingu sína og færni í að vinna með fjölmenningslegt leikskólastarf í gegnum verkefnið *Töfrandi tungumál*. Umhverfi barnanna er merkt á tungumálum allra barna deildarinnar, haldið er upp á tungumál vikunnar þar sem eitt tungumál er tekið fyrir í 2 vikur og við lærum að heilsa og kveðja.

#### 3.3.1 Endurmat 2020-2021

##### **Umbótaþáttur: Fjölskyldubók**

Það gekk vel með að vinna með fjölskyldubókina. Bókin er eins og „bláa bókin“ nema að hver og einn fyllir út eina opnu, bæði börn og starfsfólk. Bókin fer á milli heimila og þannig kynnist hópurinn betur. Börn og fjölskyldur þeirra voru ánægð með verkefnið og börnin stolt af því sem þau gerðu með foreldrum sínum. Því miður setti Covid strík í reikninginn og bókin fór ekki á milli heimila eins og ætlast var til í upphafi.

*Tækifæri til umbóta:* Halda áfram með fjölskyldubókina og vonandi getur bókin farið oftar heim á komandi vetri.

##### **Umbótaþáttur: Lýðræði – börnin taka þátt í reglugerð deildarinnar**

Þetta markmið gleymdist í dagsins önn og var því ekki unnið markvisst með þetta. Næsta vetur munum við hafa markmiðin sýnileg uppi á vegg til að koma í veg fyrir að það komi fyrir aftur.

##### **Umbótaþáttur: Skapa öllum börn tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik**

Það gekk vel að skapa börnum tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik. Það er búið að endurraða leikefninu í Njálshöfðum til að ýta enn frekar undir frjálsan leik. Börnin geta farið á það svæði sem þau óska eftir og frjáls leikur hefur mikið rými í dagskipulaginu.

**Umbótaþáttur: Kennarar dreifa sér á svæði og aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að koma sér inn í leik á því svæði sem þau eru á.**

Það hefur gengið vel og höfum við það ávallt bakvið eyrað og ræðum á deildarfundum. Hvaða börn þurfa frekari aðstoð? Settum upp plaggat þar sem kennarar geta sett sig á svæði og skapa meiri yfirsýn yfir hvar aðrir kennarar eru.

**Umbótaþáttur: Læsi, leggja áherslu á læsi í starfi með börnum og vinna með „Lubbi finnur málbein“.**

Hefur gengið ágætlega. Við höfum gætt að því að hafa bókaletur í dagskipulaginu þannig að öll börn fái tækifæri til að heyra bókaletur. Bækur eru sýnilegar og börnin eru hvött til að skoða bækur. Farið er á bókasafnið reglulega til að skoða bækur, hlusta á sögu og fá lánaðar bækur. Það er aðeins byrjað á því að skoða Lubba með yngri börnunum.

### 3.3.2 Umbótaáætlun fyrir 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR                    | Tækifæri til umbóta                         | Aðgerðir til umbóta                                                             | Ábyrgð          | Hefst      | Lokið    | Hvernig metið?  | Viðmið um árangur                                                   |
|---------------------------------|---------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|-----------------|------------|----------|-----------------|---------------------------------------------------------------------|
| <b>Bláa bókin/<br/>málörvun</b> | Nýta bókina til málörvunar                  | Setja myndir markvisst inn með málörvun í huga. Setja söngtexta inn í bækurnar. | Deildarstjórnar | Haust 2021 | Vor 2022 | Á deildarfundum | Börnin nota bókina oft í samskiptum við önnur börn.                 |
| <b>Fjölskyldu bók</b>           | Efla hópinn sem heild                       | Hver og einn gerir síðu í bókinni sem fer svo í bláu bókina                     | Deildarstjórnar | Haust 2021 | Vor 2022 | Á deildarfundum | Efla foreldrasamstarf og ná þátttöku foreldra í skráningu í bókina. |
| <b>Skapandi starf</b>           | Leggja áherslu á ferlið en ekki loka útkomu | Vera með fjölbreyttan efnivið í boði daglega                                    | Deildarstjórnar | Haust 2021 | Vor 2022 | Á deildarfundum | Kennarastýrt föndur verður minna/hætt                               |

### 3.4 Skeljadeild

Skeljadeild er ein af þremur deildum í Lindarborg og eru 24 börn á aldrinum 3-5 ára á deildinni. Unnið eftir hugmyndafræðinni um flæði, með áherslu á félagsfærni og læsi. Unnið er mikið með söng og dans og allskyns hreyfi og samskiptaleiki. Deildin er vel útbúin leikfangakosti og allskyns efnivið og er rýmið skemmtilegt og býður uppá mikla möguleika. Útinám og nærumhverfi er starfsfólki einnig hugleikið og er á dagskrá að efla það enn frekar. Á deildinni starfa fjórir leikskólakennarar í fullu starfi, einn sérkennari í hálfu starfi, tveir leiðbeinendur í fullu starfi og tveir starfsmenn í afleysingum.

#### 3.4.1 Endurmat 2020-2021

##### **Umbótaþáttur: Deildarfundir**

Deildarfundir féllu niður að mestu leyti vegna Covid-19. Markmið helst frá fyrra ári að vera með deildarfundum þriðju hverja viku.

*Tækifæri til úrbóta:* Höldum áfram með þann umbótaþátt að hafa deildarfundir skipulagða sem leiðir til þess að samhæf vinnubrögð verði og aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks.

##### **Umbótaþáttur: Læsi**

Gekk vel og höldum áfram á svipaðri braut, bætum við- sjá umbótaþættir 2021-2022.

*Tækifæri til úrbóta:* Gera „Gefðu 10“ að föstum lið í vinnu kennara á deildinni.

##### **Umbótaþáttur: Flæði**

Gengur vel og er flæðið í stöðugri þróun og aðlögun á deildinni, allir starfsmenn jákvæðir og vilja halda áfram að þróa flæðið á Skeljadeild.

*Tækifæri til úrbóta:* Að halda áfram að þróa Flæði á deildinni með sameiginlegri sýn starfsmanna.

#### 3.4.2 Umbótaáætlun 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                     | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                   | Ábyrgð                              | Hefst     | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir<br>?                        | Viðmið um<br>árangur                                           |
|---------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|-----------|-----------|-------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|
| <b>Flæði</b>                    | Við stefnum<br>að því að<br>vinna áfram<br>með flæði í<br>leik og starfi á<br>deildinni og<br>verða betri. | Viðhalda<br>góðum<br>vinnubrögðum<br>með opna<br>umræðu um<br>aðferðina og<br>tækifærin. | Deildarstjór<br>i og<br>starfsfólk. | 08.2<br>1 | 05.2<br>2 | Símat á<br>deildarfundir.<br>Stuttir<br>morgunfundir. | Markvissari<br>og faglegri<br>vinnubrögð.<br>Allir séu í takt. |

|                      |                                                                                                                                                                |                                                                                                                               |                               |           |           |                                                                                         |                                                                                                   |
|----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|-----------|-----------|-----------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Læsi</b>          | Höldum áfram á svipaðri braut að örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða, ýta undir áhuga á tungumálinu. bættum við. Bæta myndrænt skipulag. | Halda áfram að nota „Gefðu 10“ og að vinna með minni leshópa sem gefur nými til virkrar þátttöku. Innleiða myndrænt skipulag. | Deildarstjóri og starfsfólk.  | 08.2<br>1 | 05.2<br>2 | Símat á deildarfundir. Stuttir morgunfundir.                                            | Aukin orðaforði, skilningur og málnotkun hjá börnunum á deildinni.                                |
| <b>Félagsfærni</b>   | Efla jákvæð samskipti í barnahópnum . Vinátta, Tillitssemi og hjálpssemi. Vönduð/falleg samskipti.                                                             | Samtal við börnin. Samskiptaleikir , bækur. Leysa ágreining, setja orð á tilfinningar.                                        | Starfsfólk og deildarstjóri . | 08.2<br>1 | 05.2<br>2 | Fylgjast með, skráningar á hegðun og samskiptum. Deildarfundir og stuttir morgunfundir. | Að við sjáum betri og jákvæðari samskipti í barnahópnum .                                         |
| <b>Deildarfundir</b> | Samhæfa vinnubrögð og símat á starfi deildarinnar.                                                                                                             | Að deildarfundir verði 3 hverja viku þar sem skiptumst á upplýsingum og ræðum fagleg mál deildarinnar.                        | Starfsfólk og deildarstjóri . | 08.2<br>1 | 05.2<br>2 | Fundargerðir, skráningar og punktar.                                                    | Betra samstarf, Öruggara og markvissara starf og samvinna. Stuðlar að faglegu starfi á deildinni. |



### 3.5 Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er ein af þremur deildum í Lindarborg. Á deildinni eru 13 börn á aldrinum 1-2 ára.

Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfsefingu aðallega en aðrir þættir svo sem læsi spila mikið inn í daglegt starf. Lögð er áhersla á að vinna út frá námi í gegnum leik því í leik þjálfast vitrænir og skapandi þættir s.s. tungumál, hreyfifroski, tilfinninga- og félagsþroski. Á deildinni eru 2 leikskólakennarar og tveir leiðbeinendur.

#### 3.5.1 Endurmat 2020-2021

Miklar breytingar hafa orðið á deildinni í vetur, og töluverð starfsmannavelta. Aðlögun tók langan tíma að hluta til vegna COVID-19 (bæði vegna þess að þátttaka foreldra var í lágmarki og nær öll börn sem byrjuðu höfðu aldrei verið frá foreldrum sínum áður en þau komu hingað). Barnahópurinn var einnig afar blandaður hvað varðar fjölmenningu og meirihluti barnanna eru með íslensku sem annað mál.

Umbótaþættir fyrir 2020-2021 voru læsi – að hafa ritmál sýnilegra, markvissari samverustundir, vinna meir í minni hópum og skýrari vinna með Bók barnsins. Samverustundir hafa gengið mjög vel og nú erum við með fasta hallóstund á morgnana sem börnin eru virkir þátttakendur í. Bók barnsins ætlum við að halda áfram að vinna í svo að skráningar verði faglegri og markvissari. Bækur hafa verið aðgengilegar fyrir börnin og það hefur reynst afar vel.

#### 3.5.2 Umbótaáætlun 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta              | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                       | Ábyrgð                            | Hefst | Lokið | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                        | Viðmið um<br>árangur                                                                                                       |
|-----------------------------|-------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|-------|-------|-------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Læsi</b>                 | Bæta við<br>sögustund               | Hafa<br>sögustund<br>helst eina á<br>dag þar sem<br>börn og<br>kennarar<br>sitja saman<br>og lesa bók<br>og tala um<br>hana. | Allir á<br>deildinni              | 09.21 |       | Símat á<br>deildarfundum þar<br>sem rætt er um<br>hvernig gengur. | Gera<br>ritmálið<br>sýnilegra<br>fyrir börn<br>og æfa<br>lesskilning<br>þeirra.                                            |
| <b>Læsi</b>                 | Ýta undir<br>markvissa<br>málnotkun | Hafa ritmál<br>sýnilegra í<br>hæð barna í<br>formi tákna<br>og mynda.<br>Nota<br>myndirnar til<br>að skapa<br>samræður.      | Allt<br>starfsfólk<br>á deildinni | 09.21 |       | Símat á<br>deildarfundum þar<br>sem rætt er hvernig<br>gengur.    | Gera ritmál<br>sýnilegra<br>börnum<br>svo þau<br>myndi<br>þekkingu á<br>ýmsum<br>táknum og<br>með því<br>auka<br>málþroska |



|                     |                                                    |                                                                         |                             |       |  |                                                                                                                       |                                                                                                  |
|---------------------|----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|-------|--|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Sjálfshjálp</b>  | Fataklefi                                          | Hvetja börn til að klæða sig sjálf í og úr og ganga sjálf frá flíkunum. | Allir                       | 09.21 |  | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur.                                                                 | Að börnin klæði sig sjálf                                                                        |
| <b>Bók barnsins</b> | Markvissari skráningar og aukin þátttaka barnanna. | Bækurnar eiga bæði að sýna dag barnanna í leikskólanum og nám þeirra.   | Allt starfsfólk á deildinni | 09.21 |  | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur. Bækur skoðaðar reglulega. Glærur frá Lenu um tilgang skráninga. | Faglegri vinnubrögð og áhersla á uppeldislegar skráningar og þátttaka barna eykst jafnt og þétt. |



### 3.6 Kuðungadeild

Kuðungadeild er í starfsstöðinni Lindarborg og eru börnin þar 2ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er á þekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og í leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

#### 3.6.1 Endurmat 2020-2021

Við veljum að nýta aftur umbótaþætti síðasta vetur þar sem okkur fannst við ekki hafa náð að bæta þá þætti eins vel og við vildum, bæði vegna mannabreytinga og vegna takmarkanna vegna Covid. Við bætum svo við Listasmiðjuþætti þar sem unnið verður með að börnin auki færni í fínhyfingum og að læra taka á móti leiðbeiningum og framkvæma þær.

#### 3.6.2 Umbótaáætlun 2021-2022

| UMBÓTA-ÞÁTTUR                         | Tækifæri til umbóta                                                                                                  | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                | Ábyrgð                           | Hefst | Lokið | Hvernig metið?                                                                                 | Viðmið um árangur                                                                                               |
|---------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|-------|-------|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umhverfis-læsi/ göngu – ferðir</b> | Að auka gæði gönguferðanna, með samtölum fyrir og eftir um hvað við sáum og gerðum á leiðinni. Det narrative i turen | Að fyrir hvern göngutúr ræðum við börnin hvað þeim langar að skoða á leiðinni og eftir að hafa umræður um hvað við sáum og upplifðum í göngutúrnum                                                                                 | Allir starfsmenn á Kuðunga-deild | 09.21 | 05.22 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður. | Að samræður fyrri og eftir hafa aukist og orðaðar þeirra um nærumhverfið hafi aukist.                           |
| <b>Samverustund</b>                   | Að öll börn fái tækifæri til að tjá sig í samverustund og hlusta á félaga sína í hópnum.                             | Í samverustundum er barn valið til að vera aðstoðarmaður. Hlutverk aðstoðarmanna getur verið að fara yfir hvaða dagur er, mánuður og hvernig veðrið er úti, í hvaða föt þarf að klæðast í útiveru. Svo verður söngur og nafnakall. | Allir starfsmenn á Kuðungadeild  | 09.21 | 05.22 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður. | Að öll börnin hafi möguleika á að taka þátt og tjá sig á sinn hátt í samverustund ásamt að auka orðaförða sinn. |
| <b>Matartími</b>                      | Að auka umræður um matinn sem við borðum.                                                                            | Við viljum í samstarfi við eldhúsið fara yfir hvað börnin eru að borða á hverjum degi og                                                                                                                                           | Allir starfsmenn á Kuðungadeild  | 09.21 | 05.22 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig                         | Með umræðum um mat, t.d. hvaða grænmeti er í salatinu,                                                          |



|                          |                                                              |                                                                     |                    |      |       |                            |                                                                                                |
|--------------------------|--------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|--------------------|------|-------|----------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                          |                                                              | gert í samverustund fyrir hádegi.                                   |                    |      |       | gengur og skrifa niður.    | hvaða krydd eru notuð, áferð, lykt og bragð auka börn orðaforða sinn um mat og skilning á mat. |
| <b>Listasmiðju dagur</b> | Að fara í listasmiðjuna 2svar í viku með mismunandi 4-6 börn | Að fara með börnin í herbergi sem er með sérstaka aðstöðu til lista | Berglind og Monika | 9.21 | 05.22 | Umræðumat, á deildarfundum | Að börnin auki færni í fínhyfingum og að læra taka á móti leiðbeiningum og framkvæma þær       |



## 4 Innra mat sérkennslu

|                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>Skipulagning sérkennslu 2020-2021</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p> | <p>Sérkennsla var <b>skipulögð fyrir fram</b> og aðlöguð að hverju barni.</p> <p><b>Markmiðaaætlun</b> var gerð í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa.</p> <p>Haldnir reglulegir <b>teymisfundir</b></p> <p>Þeir sem sinna sérkennslu senda sérkennslustjóra <b>mánaðarlegar skýrslur</b>.</p> <p>Teknar <b>myndir, skráningar, atferlisíhlutun-skráningar</b></p> <p><b>Einstaklingsáætlun</b>/dagskipulag unnið eftir ákveðnu skipulagi þar sem fram kemur hvaða þroskætti er verið að vinna með.</p> <p><b>Bláa bókin/ferlimappa</b></p> |
| <p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>                                                                                                                              | <p>Smábarnalistinn</p> <p>Íslenski þroskalistinn</p> <p>Orðaskil</p> <p>AEPS matslisti</p> <p>HLJÓM-2 tekið af öllum börnum í elsta árgangi</p> <p>Snemmtæk íhlutun málörvun tveggja til þriggja ára barna (Bjargir)</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| <p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>                                                                                                                                       | <p>Bækur</p> <p>Myndir</p> <p>Spil ýmis konar</p> <p>Lærum og leikum með hljóðin.</p> <p>Orðagull</p> <p>Myndrænt dagskipulag</p> <p>PECS myndir</p> <p>Tákn með tali</p> <p>Ipad</p> <p>Ýmis efniviður sem til er í leikskólanum.</p> <p>Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka.</p> <p>Widget online</p>                                                                                                                                                                                                                                                               |



## 4.1 Umbótaáætlun –sérkennsla 2021-2022

### **Umbótaþáttur: Innleiðing á TRAS.**

**Tækifæri til umbóta:** Skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku og félagsþroska 2ja-5 ára barna.

**Ábyrgð:** Sérkennslustjóri

**Hefst og lokið:** Hausti 2021-vor 2022.

**Hvernig metið/aðferðir?** Deildarstjóri fyllir út TRAS fyrir öll börn deildarinnar. Byrjað verður á yngstu deildunum og mun svo færa sig ofar.

**Viðmið um árangur:** Skráningarlisti til að skima eftir frávikum í mál-og félagsþroska barna með snemmtækri íhlutun í huga.

### **Umbótaþáttur: AEPS matslisti**

**Tækifæri til umbóta:** Hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða.

**Ábyrgð:** Sérkennslustjóri

**Hefst og lokið:** Hausti 2021-vor 2022

**Hvernig metið/aðferðir?** Deildarstjóri eða annað starfsfólk fyllir út AEPS lista á 6 mánaða fresti fyrir þau börn sem fylgst er sérstaklega með.

**Viðmið um árangur:** Starfsfólk verði meðvitaðra um stöðu barna og fái betri mynd á hverjir áhersluþættirnir í þjálfun þurfi að vera.

### **Umbótaþáttur: Þróunarverkefnið Leikskóli fyrir alla – viðhorf og vinnubrögð.**

**Tækifæri til umbóta:** Með tilkomu nýs sérkennslustjóra er tækifæri til að leggja áherslu á skipulag sérkennslunnar innan Miðborgar með stuðningi frá Fjölu Þorvaldsdóttur þar sem sótt var um Þróunarstyrk A þar sem verkefnið byggir á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ með fagmennsku og samstarf í öndvegi sem leiðarljós í þróun sérkennslu í Miðborg.

**Ábyrgð:** Sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur skólans.

**Hefst og lokið:** Hausti 2021- vor 2022

**Hvernig metið/aðferðir?** Verkefnið verður metið með ígrundun, samræðum og rafrænum könnunum. Í lok verkefnisins er ætlun okkar að gera bæði rafræna könnun og samtöl við rýnihópa. Hóparnir verða skipaðir börnum, foreldrum og starfsfólki.

**Viðmið um árangur:** Þróa öflugt og sterkt lærdómssamfélag starfsfólks þannig að það verði hæfara og öruggara í að koma til móts við ólíkar þarfir barna. Lögð verður áhersla á að skoða skipulag sérkennslunnar innan skólans, auka faglega starfsþróun til að styðja alla kennara, leiðbeinendur og stjórnendur til að þróa hæfni til að bregðast við fjölbreytileikanum.

Að leikskólinn Miðborg verði skipulagður á þeim grunni að stjórnendur, kennarar og leiðbeinendur taka ábyrgð á öllum nemendum og skuldbinda sig til að vinna með og meta alla að jöfnu.



## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

|                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?                                                                                                                                        | Fjármagnið hefur verið notað uppí stöðu verkefnastjóra fjölmennningar.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?                                                                                                               | Daglegur <b>bókalestur</b> er á öllum deildum.<br>Daglegar <b>söngstundir</b> á öllum deildum.<br>Daglegar <b>samverustundir</b> eru á öllum deildum.<br>Unnið er með ákveðið <b>þema</b> einn mánuð í senn sem nýtist vel til að dýpka orðaforða barnanna á markvissan hátt.<br>Verið er að innleiða <b>Gefðu 10</b><br>Verið er að innleiða <b>Einn leikskóli - mörg tungumál</b> . |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?                                                                                     | Daglegur <b>bókalestur</b> er á öllum deildum.<br>Daglegar <b>söngstundir</b> á öllum deildum.<br>Daglegar <b>samverustundir</b> eru á öllum deildum.<br>Unnið er með ákveðið <b>þema</b> einn mánuð í senn sem nýtist vel til að dýpka orðaforða barnanna á markvissan hátt.                                                                                                         |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?                                                                                         | Verið er að innleiða <b>Einn leikskóli - mörg tungumál</b> .<br><b>HLJÓM-2</b> er tekið á öllum börnum í elsta árgangi og einstaklingsnámskrá unnin út frá niðurstöðum.<br>Deildatstjórar halda utan um framfarir barnanna með <b>einstaklingsnámskrá</b> sem farið er yfir í foreldraviðtölum.                                                                                       |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Unnið er í <b>flæði</b> svo að áhugasvið barnanna og styrkleikar fá að njóta sín.<br><b>Töfrandi tungumál</b> : börn verða stoltari af uppruna sínum og öðlast betri færni í skólamáli því yfirfærsla milli tungumála verður betri og foreldrasamstarf meira. Það byggir ofan á núverandi stöðu/getu án aðgreiningar.                                                                 |



|  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|--|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p><b>Bláu bækurnar:</b> brú milli leikskóla og heimilis. Yfirfærsla á heimamáli yfir á íslensku og öfugt.</p> <p><b>Sögutöskurnar:</b> börnin fá lánaðar bækur á mismunandi tungumálum, spil og brúður sem tengjast sögunni. Markmiðið er að útbúa skemmtilegt og lifandi námsefni. Náms efnið ýtir undir ímyndunarafl og málörvun, örvar lesskilning og lestrarupplifun barnanna. Góð leið til að vekja áhuga barna á sögum og ævintýrum.</p> |
|--|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

## 5.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Búið er að ráða nýjan verkefnastjóra fjölmennningar í Miðborg sem kemur til starfa í september 2021 en síðasta ár var verkefnastjóri fjölmennningar frá september til febrúarloka. Ákveðið var að bíða með umbótaráætlun fyrir fjöltyngi þar til nýr verkefnastjóri kemur til starfa og umbótaráætlun varðandi þennan málaflokk verður gefin út í október 2021 þar sem gert er ráð fyrir að breytingar verði á starfi skólans með breyttum áherslum hjá nýjum verkefnastjóra.

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri<br>til umbóta              | Aðgerðir til<br>umbóta                    | Ábyrgð                                   | Hefst     | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                | Viðmið um árangur                                            |
|---------------------------------|-------------------------------------|-------------------------------------------|------------------------------------------|-----------|-----------|-----------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|
| Nýr<br>verkefna-<br>stjóri      | Sameigin-<br>leg<br>vinnu-<br>brögð | Fjölmennningar<br>-legir<br>kennsluhættir | Verkefna-<br>stjóri<br>fjölmenninga<br>r | 09.2<br>1 | 10.2<br>1 | Umræður og<br>símat með<br>stjórnunarteym<br>i Miðborgar. | Starfsáætlun fyrir<br>fjölmennningarleg<br>t starf í Miðborg |

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fyrir veturinn 2020-2021 voru tekin á vorönn 2021. Gert er ráð fyrir að tekin verði snerpisamtöl á haust og vorönn 2021-2022 af hendi leikskólastjóra og svo verða deildarstjórar hvattir til að taka eitt viðtal við sitt starfsfólk í kringum lok haustannar. Með þessu er verið að valdefla deildarstjóra til að auka gæði móttöku nýrra starfsmanna í leikskólanum.

Utanaðkomandi fræðsla hefur verið af skornum skammti í vetur. Skólinn er stór og í þremur húsum sem hafa verið skipt í sóttvarnarhólf að mestu og tækniþúnaður ekki til staðar til að hafa mikla rafræna fræðslu. Skipulagsdagar hafa verið nýttir í innra mat og vinnu.

Hluti starfsmannahópsins var duglegur að sækja sér endurmenntun með fjarfundarbúnaði. Auk þess eru tveir starfsmenn að klára mastersnám í leikskólafræðum frá HÍ og einn starfsmaður hóf mastersnám í leikskólafræðum frá HÍ í haust, einn starfsmaður klárar B.ed. nám í leikskólakennarafræðum frá HÍ í vor og einn starfsmaður er í Leikskólalíðanámi í Borgarholtsskóla. Einn starfsmaður kláraði Fagnámseið 1 hjá Eflingu.

## **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Gerð er ráð fyrir því frá Skóla- og frístundasviði að leikskólar og grunnskólar í sama hverfi komi sér saman um ákveðið samstarf. Til þess að slíkt samstarf verði að veruleika þarf að vera samtal milli skólastigana sem hefur ekki náðst í hverfinu. Þau börn sem fara í Austurbæjarskóla hafa fengið boð í heimsókn í skólann í ár í fylgd. Óskað var eftir því við Austurbæjarskóla nú á vordögum að elstu börnin gætu komið í heimsókn með kennurum sínum en því var hafnað. Frístundin hafði gert ráð fyrir að taka á móti elstu börnunum frá Miðborg í heimsókn en hættu við eftir svar Austurbæjarskóla. Því hefur ekkert samstarf né samtal átt sér stað milli skólastigana á þessu skólaári. Sá háttur hefur verið á að Austurbæjarskóli hefur sent skóladagatal sitt í tölvupósti til Miðborgar, en í ár hefur ekkert slíkt borist.

## **8 Foreldrasamvinna**

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Boðað verður til fundar í september 2021 þar sem kosið verður í foreldraráð fyrir starfsárið 2021-2022.

Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið



stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmskonar viðburðum í samstarfi við leikskólann. Vegna aðstæðna hafa viðburðir á vegum foreldrafélagsins ekki verið þetta árið.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal tvisvar á ári, að hausti og að vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf. Á þessu starfsári, 2020-2021, hafa flest öll foreldrasamtöl átt sér stað rafrænt og hefur tímabilin sem samtölin fara vanalega fram lengst vegna bæði lengra aðlögunartíma á deildir sem og að geta skapað tíma og rúm fyrir samtölin hjá kennurum og deildarstjórum.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem farið sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfsemi deildar barnsins. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki.

Erlendum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í þátttökuaðlögun. Vegna aðstæðna hefur þurft að sleppa þátttökuaðlögun í þeirri mynd sem við erum vön að vinna eftir og því hefur aðlögun verið skarpari þar sem reynt hefur verið að hafa foreldra sem styst inn á deildum og kostur er.

Hannaður hefur verið bæklingur fyrir nýja foreldra í Miðborg þar sem farið er yfir starfsemi skólans.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar koma fram á leikskóladagatali

### Áætlun um fræðslu fyrir 2021-2022

- Lubbi finnur málbein – Námskeið
- Flæði – kynning og fræðsla frá öðrum leikskóla
- Slysavarnarnámskeið, kvöldnámskeið í hverju húsi.



- Fræðsla um námsskrárgerð – fræðsla frá öðrum leikskóla ásamt fræðslu frá Menntavísindasviði HÍ.
- Kynning á Circle of security – er prógramm sem er byggt á sálfræðirannsóknnum um tengslamyndun barna og umönnunaraðila (foreldri/starfsmaður í leikskóla o.sfrv.) Rík áhersla er lögð á hvernig umönnunaraðili getur styrkt tengsl sín við barnið til að stuðla að sterkari sjálfsmynd og sjálföryggi hjá barninu. Í gegnum COS prógrammið fær umönnunaraðilinn tækifæri til að velta fyrir sér hvernig hann kemur fram við barnið, af hverju og hvað viðkomandi vill gera í framhaldinu.
- Stefnt að námsferð erlendis á vorönn 2022.



## 9.1.1 Leikskóladagatal

### Skóladagatal 2021 – 2022

### Leikskólinn Miðborg

|    | Ágúst                   |    | September          |    | Október       |    | Nóvember               |    | Desember        |    | Janúar      |    | Febrúar         |    | Mars |    | Apríl           |    | Maí                |    | Júní            |    | Júlí       |    | Ágúst |
|----|-------------------------|----|--------------------|----|---------------|----|------------------------|----|-----------------|----|-------------|----|-----------------|----|------|----|-----------------|----|--------------------|----|-----------------|----|------------|----|-------|
| 1  |                         | 1  |                    | 1  |               | 1  |                        | 1  | Fullveldisdagur | 1  | Nýársdagur  | 1  |                 | 1  |      | 1  |                 | 1  | Verkalyðsdagur     | 1  |                 | 1  |            | 1  |       |
| 2  | Frídagur verslunarmanna | 2  |                    | 2  |               | 2  |                        | 2  |                 | 2  |             | 2  |                 | 2  |      | 2  |                 | 2  |                    | 2  |                 | 2  |            | 2  |       |
| 3  |                         | 3  |                    | 3  |               | 3  |                        | 3  |                 | 3  |             | 3  |                 | 3  |      | 3  |                 | 3  |                    | 3  |                 | 3  |            | 3  |       |
| 4  |                         | 4  |                    | 4  |               | 4  |                        | 4  |                 | 4  |             | 4  | Skipulagsdagur  | 4  |      | 4  |                 | 4  |                    | 4  |                 | 4  |            | 4  |       |
| 5  |                         | 5  |                    | 5  |               | 5  |                        | 5  |                 | 5  |             | 5  |                 | 5  |      | 5  |                 | 5  |                    | 5  | Hvítasunnud.    | 5  |            | 5  |       |
| 6  |                         | 6  |                    | 6  |               | 6  |                        | 6  |                 | 6  | Þrettándinn | 6  | Dagur leikskóla | 6  |      | 6  |                 | 6  |                    | 6  | 2. í Hvítasunnu | 6  |            | 6  |       |
| 7  |                         | 7  |                    | 7  |               | 7  |                        | 7  |                 | 7  |             | 7  |                 | 7  |      | 7  |                 | 7  |                    | 7  |                 | 7  |            | 7  |       |
| 8  |                         | 8  | Dagur læsis        | 8  |               | 8  | Baráttud. gegn einelti | 8  |                 | 8  |             | 8  |                 | 8  |      | 8  |                 | 8  |                    | 8  |                 | 8  |            | 8  |       |
| 9  |                         | 9  |                    | 9  |               | 9  |                        | 9  |                 | 9  |             | 9  |                 | 9  |      | 9  |                 | 9  |                    | 9  |                 | 9  |            | 9  |       |
| 10 |                         | 10 |                    | 10 |               | 10 |                        | 10 |                 | 10 |             | 10 |                 | 10 |      | 10 | Pálmásunnudagur | 10 |                    | 10 |                 | 10 |            | 10 |       |
| 11 |                         | 11 |                    | 11 |               | 11 |                        | 11 |                 | 11 |             | 11 |                 | 11 |      | 11 |                 | 11 |                    | 11 |                 | 11 | Sumarlökun | 11 |       |
| 12 |                         | 12 |                    | 12 |               | 12 |                        | 12 |                 | 12 |             | 12 |                 | 12 |      | 12 |                 | 12 |                    | 12 | Sjómennad.      | 12 |            | 12 |       |
| 13 |                         | 13 |                    | 13 |               | 13 |                        | 13 |                 | 13 |             | 13 |                 | 13 |      | 13 |                 | 13 |                    | 13 |                 | 13 |            | 13 |       |
| 14 |                         | 14 |                    | 14 |               | 14 |                        | 14 |                 | 14 |             | 14 | Bolludagur      | 14 |      | 14 | Skírdagur       | 14 |                    | 14 |                 | 14 |            | 14 |       |
| 15 |                         | 15 |                    | 15 |               | 15 |                        | 15 |                 | 15 |             | 15 | Sprengidagur    | 15 |      | 15 | Föstud. langi   | 15 |                    | 15 |                 | 15 |            | 15 |       |
| 16 |                         | 16 | Dagur ísl. náttúru | 16 |               | 16 | Dagur ísl. tungu       | 16 |                 | 16 |             | 16 | Öskudagur       | 16 |      | 16 |                 | 16 |                    | 16 |                 | 16 |            | 16 |       |
| 17 |                         | 17 |                    | 17 |               | 17 |                        | 17 |                 | 17 |             | 17 |                 | 17 |      | 17 | Páskadagur      | 17 |                    | 17 | Lýðveldisdagur  | 17 |            | 17 |       |
| 18 |                         | 18 |                    | 18 |               | 18 |                        | 18 |                 | 18 |             | 18 |                 | 18 |      | 18 | 2. í páskup     | 18 |                    | 18 |                 | 18 |            | 18 |       |
| 19 |                         | 19 |                    | 19 |               | 19 | Skipulagsdagur         | 19 |                 | 19 |             | 19 |                 | 19 |      | 19 |                 | 19 |                    | 19 |                 | 19 |            | 19 |       |
| 20 |                         | 20 |                    | 20 |               | 20 |                        | 20 |                 | 20 |             | 20 | Konudagur       | 20 |      | 20 |                 | 20 |                    | 20 |                 | 20 |            | 20 |       |
| 21 |                         | 21 |                    | 21 |               | 21 |                        | 21 |                 | 21 |             | 21 |                 | 21 |      | 21 | Sumard. fyrsti  | 21 |                    | 21 |                 | 21 |            | 21 |       |
| 22 |                         | 22 |                    | 22 |               | 22 |                        | 22 |                 | 22 | Bóndadagur  | 22 |                 | 22 |      | 22 |                 | 22 |                    | 22 |                 | 22 |            | 22 |       |
| 23 | Skipulagsdagur          | 23 |                    | 23 | 1.vetrardagur | 23 |                        | 23 | Þorláksmessa    | 23 |             | 23 |                 | 23 |      | 23 |                 | 23 |                    | 23 |                 | 23 |            | 23 |       |
| 24 |                         | 24 | Skipulagsdagur     | 24 |               | 24 |                        | 24 | Aðfangadagur    | 24 |             | 24 |                 | 24 |      | 24 |                 | 24 |                    | 24 |                 | 24 |            | 24 |       |
| 25 |                         | 25 |                    | 25 |               | 25 |                        | 25 | Jóladagur       | 25 |             | 25 |                 | 25 |      | 25 |                 | 25 | Skipulagsdagur     | 25 |                 | 25 |            | 25 |       |
| 26 |                         | 26 |                    | 26 |               | 26 |                        | 26 | Annar í jólum   | 26 |             | 26 |                 | 26 |      | 26 |                 | 26 | Uppstigningardagur | 26 |                 | 26 |            | 26 |       |
| 27 |                         | 27 |                    | 27 |               | 27 |                        | 27 |                 | 27 |             | 27 |                 | 27 |      | 27 |                 | 27 | Skipulagsdagur     | 27 |                 | 27 |            | 27 |       |
| 28 |                         | 28 |                    | 28 |               | 28 |                        | 28 |                 | 28 |             | 28 |                 | 28 |      | 28 |                 | 28 |                    | 28 |                 | 28 |            | 28 |       |
| 29 |                         | 29 |                    | 29 |               | 29 |                        | 29 |                 | 29 |             |    |                 | 29 |      | 29 |                 | 29 |                    | 29 |                 | 29 |            | 29 |       |
| 30 |                         | 30 |                    | 30 |               | 30 |                        | 30 |                 | 30 |             |    |                 | 30 |      | 30 |                 | 30 |                    | 30 |                 | 30 |            | 30 |       |
| 31 |                         |    |                    | 31 |               |    |                        | 31 | Gamlársdagur    | 31 |             |    |                 | 31 |      | 31 |                 | 31 |                    |    |                 | 31 |            | 31 |       |

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrar að viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Miðborg

Kristín Einarsdóttir      28.05.2021

---

Leikskólastjóri      Dagsetning

## **Starfsáætlun 2021 – 2022**

### **Leikskólinn Miðborg**

## **Umsögn foreldraráðs**

### **Fyrir hönd foreldraráðs:**

**Catharine Fulton**

**Inga Sólborg Ingibjargardóttir**

**Berglind Kristgeirsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að: Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



### Umsögn foreldraráðs:

Samþykkt

Mér líst vel á þetta allt saman, mjög flott og vel unnið starf á Miðborg . – Berglind Kristgeirsdóttir

Starfsáætlun samþykkt. Verður virkilega áhugavert að fylgjast með flutningi í nýja húsið og hvernig starfið þróast áfram. Gaman að sjá hvernig flæði er gegnumgangandi þráður á milli deilda skólans. Spennt að sjá hvernig mun ganga með Lubba verkefnið. – Inga Sól Ingibjargardóttir

Fyrir hönd foreldraráðs samþykki ég starfsáætlun leikskólaársins 2021-2022

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'G. Sól', written in a cursive style.

